

Námskeið um einhverfu í Borgarnesi fimmtudagskvöldið 5. maí

Fimmtudaginn 5. maí kl. 20:00 verður haldið námskeið um einhverfu á vegum fjölskyldusviðs Borgarbyggðar í **samkomusal Menntaskólans í Borgarnesi**. Námskeiðið er ætlað fólki á einhverfurófi, fjölskyldum þess sem og öðrum þeim sem áhuga hafa. Námskeiðið stendur í tvo og hálfan til þrjá tíma.

Þann sama dag kl. 13:30 verður námskeiðið haldið fyrir starfsfólk grunnskólanna í Borgarbyggð. Það stendur einnig opið öðru starfsfólki sem starfar með fólki á einhverfurófi í sveitarfélaginu, sem og þeim sem komast ekki um kvöldið.

Engin skráning - bara að mæta!

Innihald námskeiðsins:

Önnur skynjun ólík veröld, markviss nálgun

Jarprúður Þórhallsdóttir fötlunarfræðingur og einhverfuráðgjafi segir frá meistarafróun sinni **Önnur skynjun - ólík veröld**: Líf fólks á litrófi einhverfu. Rannsóknin byggir á viðtölum við fólk á einhverfurófi, þar sem spurt var út í lífshlaup þess. Sérstök áhersla var lögð á skynjun og skynúrvinnslu og áhrif hennar á daglegt líf. Skólaganga, gildi greiningar inn á einhverfuróf og sjálfsskilningur var einnig sérstaklega skoðað.

Ásgerður Ólafsdóttir sérkennari og einhverfuráðgjafi ræðir um **skipulega kennslu**, TEACCH- hugmyndafræðina og ýmsar leiðir til að efla félagsfærni.

EKKERT KOSTAR INN Á NÁMSKEIÐIÐ

Fjölskyldusvið Borgarbyggðar